

- a) innanlandsflug: kr. (185,00) fyrir hvern byrjaðan sólarhring eða kr. (2 795,00) á mánuði.
- b) millilandaflug: samsvarandi (4,00) Bandaríkjadöllum fyrir hvern byrjaðan sólarhring.
- 6.2. Flugskýlisgjöld samkvæmt gr. 6.1. miðast við óupphitað flugskýli. Sé flugskýli upphitað er hitunarkostnaður innheimtur sérstaklega.
- 6.3. Fyrir afnot heilla flugskýla eða tiltekinna hluta þeirra, svo og fyrir afnot annarra bygginga og lóða á vegum flugmálastjórnar, skal greiða leigugjöld samkvæmt leigusamningi milli flugmálastjórnar og leigutaka. Upphæð leigugjalda skal almennt við það miðuð, að þau standi straum af tilkostnaði flugmálastjórnar við umrædd mannvirki.

7. Almenn ákvæði.

- 7.1. Þar sem getið er um massa loftfars er átt við leyfilegan hámarks massa þess.
- 7.2. Gjöld sem ekki eru staðgreidd, verða innheimt með útsendingu reikninga eða giróseðla. Greiðslu ber að inna af hendi innan 30 daga frá útsendingardegi reiknings eða giróseðils. Verði gjöld ekki greidd á gjalddaga skal flugmálastjórn innheimta hæstu lögleyfðu dráttarvexti. Ef gjöld vegna loftfara eru ekki greidd innan 30 daga frá gjalddaga er flugmálastjórn heimilt að aftra för viðkomandi loftfara uns greitt hefur verið.

8. Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 78. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964, staðfestist hér með til að öðlast gildi 15. febrúar 1992 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá nr. 523 21. desember 1990 um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 28. janúar 1992.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

VIÐAUKI

við reglugerð nr. 528, 28. desember 1990 um loðnuveiðar.

1. gr.

Aftan við 8. gr. reglugerðar nr. 528, 28. desember 1990, komi ný grein er orðist svo:
Á loðnuvertíð þeirri, sem hófst 26. október 1991, er íslenskum loðnuskipum sem leyfi hafa til loðnuveiða, skv. 1. gr. reglugerðar nr. 528/1990, heimilt að veiða samtals 577.200 lestir af loðnu.

2. gr.

Reglugerðarviðauki þessi er settur samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og 1. gr. laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar utan fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felldur úr gildi viðauki nr. 632, 31. desember 1991 við reglugerð nr. 528, 28. desember 1990, um loðnuveiðar.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. janúar 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.